

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2010
komudagur 7.5.2010

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Virðulega allsherjarnefnd.

Undirritaður fh. Hvítasunnukirkjuna Fíladelfíu í Reykjavík, gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög).

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum við þskj. 836 – 485.

Það fyrsta sem virðist blasa við er hversu mikill hraði er á málinu, það finnst okkur miður. Samkynhneigðir hafa nú þegar jöfn réttindi á við gagnkynhneigða í nær öllu sem kemur að hjúskaparrétti, það eina sem skilur á milli eru viss rótgróin hugtök. Við getum því ekki séð að málið þurfi að keyra í gegn á slíkum hraða, sérstaklega ekki þegar um svo víðtækar breytingar á svo viðamiklu sviði er að ræða. Það er svo sem gott og gilt að slík lög taki gildi á táknrænum mánaðardegi en það er ekkert sem segir að 27. júní á næsta ári geti verið jafn táknrænn dagur.

Okkur finnst gríðarlega varhugavert að frumvarp til laga sem endurskilgreinir jafn mikilvæg grundvallarhugtök og "foreldri," sem hefur órávíðtækar skírskotunar, skuli samið að því er virðist án mikils samráðs eða umræðu. Okkur þykir miður að umsagnarfrestur um svo lagalega flókið frumvarp skuli vera svo gríðarlega stuttur.

Þegar svo rótgróið hugtak eins og "foreldri" er endurskilgreint hefur það óteljandi, og mögulega ófyrirséðar, afleiður í för með sér. Til marks um það má nefna sambærileg lög sem voru samþykkt á franska þinginu 2006 en síðar felld úr gildi af hæstarétti Frakklands því þegar allt kom til alls þóttu lögin troða á mannréttindum barna.

Það sem hér er til umfjöllunar er skilningurinn á fjölskyldunni, sem hefur í vestrænni hugsun hingað til verið álitin hornsteinn samfélagsins. Þegar slíkir grundvallarþættir skulu endurskoðaðir og endurskilgreindir er mikið tilefni til að vanda vel til verka og fara að engu óðslega.

Það sem hér er til umræðu eru ekki úrbætur á mannréttindabrotum gagnvart samkynhneigðum, að samkynhneigð þör fá að eigast og njóti sömu lagalegu réttinda og gagnkynhneigð þör er eitt. Sú endurskilgreining á fjölskyldunni sem lagafrumvarpið virðist fela í sér er allt annar handleggur og mun víðfeðmnari.

Við hvetjum því þingheim að hægja á ferðinni, leita frekara samráðs, opna fyrir meiri umræður um innihald laganna áður en lengra er haldið.

Reykjavík, 6. maí 2010.

Vörður Leví Traustason
Prestur Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu
Hátun 2, 105 Reykjavík,
S- +354 5354700
GSM +354 8991111
vordur@gospel.is